

# Skóla-akur

Vefrit um skólamál 2. tbl. 12. árgangur 24. janúar 2018

## Þorrablót og bóndadagur.

Nú er þorinn genginn í garð og gaman að skoða hverjir halda í okkar gömlu siði að bjóða upp á þorramat. Samkvæmt forníslensku tímatali var þorri fjórði mánuður vetrar. Þorri var líka talinn erfiðasti vetrarmánuðurinn og því er stundum talað um að þreyja þorran en það þýðir eiginlega að harka hann af sér eða að komast í gegnum hann, þola tímabundna erfiðleika. Fyrsti dagur þorra nefnist bóndadagur. Einmitt þann dag er miður vetur.

Víða var þorra blótað og haldið upp á bóndadaginn með því að bjóða feðrum í kaffi.

Í Hríseyjarskóla er t.d. sá siður að drengir skólans hlaupa berir að ofan hring í kring um skólann. En í þjóðsögum Jóns Árnasonar segir:

Þess vegna var það skylda bænda „að fagna þorra“ eða „bjóða honum í garð“ með því að þeir áttu að fara fyrstir á fætur allra manna á bænum þann morgun sem þorri gekk í garð. Áttu þeir að fara ofan og út í skyrtunni einni, vera bæði berlæraðir og berfættir, en fara í aðra brókar-skálmína og láta hina svo lafa eða draga hana eftir sér á öðrum fæti, ganga svo til dyra, ljúka upp bæjarhurðinni, hoppa á öðrum fæti í kringum allan bæinn, draga eftir sér brókina á hinum og bjóða þorra velkominn í garð eða til húsa.

Eitthvað efast menn nú um sannleiksgildið en það er önnur saga.

Hér má sjá nokkrar myndir frá leik- og grunnskólum bæjarins og uppákomum tengdum þorranum.



## Myndir augnabliksins eru frá útiveru í Grímseyjarskóla.



Skóla-akur er vef tímarit sem gefið er út af fræðsluviði Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri. Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mánudaga-miðvikudaga frá kl. 8-13. Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. Dreifing: Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

### Neikvæðu og ljótu orðin brennd.

Í jákvæðnilotu á Hólmasól ákváðu elstu börnin að brenna ljót og neikvæð orð. Þau settu þetta allt á miða með aðstoð kennara sinna og síðan var slökkviliðsmaður sem er pabbi eins nemandans fenginn til að koma og kveikja í þessu öllu. Þetta tókst mjög vel og var mikill áhugi fyrir þessu innan húss. Margir gátu fylgst með þessu úr gluggunum. Mjög táknræn athöfn og flott.



### Bókagjöf frá Foreldrafélagi Brekkuskóla.

Undanfarin ár hefur Foreldrafélag Brekkuskóla stutt við skólasafnið með veglegum peningagjöfum til bókakaupa og hefur þannig lagt sitt af mörkum til að nemendur hafi aðgang að nýju og fjölbreyttu lesefni. Í desember barst safninu enn og aftur gjöf frá Foreldrafélaginu, nemendur gerðu óskalista yfir bækur sem þá langaði að lesa og fór skólasafnskennari og verslaði. Bækurnar eru nú komnar í hús og munu án efa vekja áhuga.

Mikilvægt er að hvetja bæði börn og fullorðna til lesturs og hér má sjá innlegg [Amtsbókasafnsins](#) sem og „[Lestaráttak Ævars](#)“ sem nú stendur yfir.

### Nemendadagur í Naustaskóla.

Í byrjun janúar var nemendadagur í Naustaskóla og var hefðbundin dagskrá brotin upp. Lítið íþróttamót fór fram þar sem keppni var milli nemenda og starfsfólks og var hörð og spennandi keppni og tóku áhorfendur virkan þátt. Nemendur sigruðu í fótboltakeppni en körfubolta og blakleiki unnu starfsmenn. Því næst fór fram hæfileikakeppni nemenda og voru hvorki meira né minna en um þrjátíu atriði á dagskrá svo dómnefndin átti ekki auðvelt val fyrir höndum. Frammistaða nemenda var til fyrirmyndar í söng, dansi, hljóðfærleik, töfrabroögðum og fleiru. En það fór svo að Þórunn Birna Kristinsdóttir í 5. bekk sigraði keppnina með frábæru dansatriði. Í öðru sæti var Anna Líf Diego í 3. bekk sem einnig sýndi dans og í 3. sæti var Jóhann Valur Björnsson í 5. bekk sem spilaði á hljómborð.



### Salatbar í Lundaskóla.

Nýlega var keyptur salatbar í mötuneyti skólans og er hann hluti af mataráskrift. Segja má að salatbarinn hafi algerlega slegið í gegn og mjög líklega verður þetta til þess að fleiri nemendur munu skrá sig í matinn og jafnvel starfsfólk líka.

